



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ÍSAN1GA05

Íslenska sem annað tungumál - grunnáfangi

Kennari:	Sigprúður Harðardóttir
----------	-------------------------------

Áfangalýsing:

Grunnáfangi íslensku fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og/eða eru með erlendan bakgrunn. Áhersla lögð á alla þætti tungumálsins samkvæmt Evrópska tungumálarammanum (skilningur, talað mál, ritun) og sérstök áhersla lögð á að auka orðaforða. Viðfangsefni tengjast daglegu lífi og fjölbreyttar leiðir farnar til að ná markmiðum áfangans. Lesnir vera stuttir lestextar og sögur, hlustun, farið í einfalda ritun og kynningu á grunnþáttum íslenskrar málfræði.

Undanfari: . Áfanginn er fyrir byrjendur og þá sem litla kunnáttu hafa í íslensku.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem tengist daglegu lífi og athöfnum
- algengustu orðflokki og einföldum beygingum
- hugtökum og heitum í nærumhverfi, andheitum og samheitum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfaldan texta með réttum framburði og áherslum
- greina lykilatriði og innihald stuttra texta s.s. fréttar
- beita einföldum málfræðireglum í talmáli og einfaldri ritun

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega á einfaldri íslensku
- nota íslenskt mál í námi sínu og verkefnavinnu
- fara eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum

Námsefni:

- Jæja 1 - námsefni frá IÐNÚ
- Einmitt - lesbók og verkefnabók. Námsefni frá MMS
- Verkefnablöð frá kennara
- Fréttir og blaðagreinar
- Kæra dagbók – námsefni frá MMS
- Námsefni af vef

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
8. janúar - 30. janúar	Kynning. ✓ Unnið með, stafrófið, tölur, afmæli, klukkuna o.fl. ✓ Dagar, mánuðir, árstíðir ✓ Eintala fleirtala ✓ Matur og drykkur Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun	Ritunarverkefni Munnleg kynning Hlustunarverkefni Málfræðiverkefni
2. febrúar - 6.mars	✓ Einföld samtöl og kveðjur ✓ Líkaminn, útlit, heilsa ✓ Heimili og húsbúnaður Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun	Ritunarverkefni Munnlegt próf Hlustunarpróf Málfræðiverkefni
9. mars – 10.apríl	✓ Landið mitt (skrifleg og munnleg kynning) ✓ Ísland og náttúran ✓ Ferðalög og ferðamátar Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun	Munnleg og skrifleg landkynning
13.apríl - 13.maí	✓ Starfsheiti og starfsumsóknir (eyðublöð) ✓ Fritími og tómstundir ✓ Fatnaður ✓ Afþreying (kaffihús, samfélagsmiðlar) Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun Ekkert lokapróf en öllum verkefnum þarf að vera lokið með lágmarkseinkunn	Ritunarverkefni - Skrifa starfsumsókn Munnlegt próf Hlustunarpróf Málfræðiverkefni

Sérreglur áfangans: Ekki er lokapróf úr áfanganum. Verkefni verða lögð fyrir úr öllum helstu námsþáttum og fer matið fram jöfnum höndum alla önnina.

Námsmat (skilaverkefni):

Talað mál og hlustun: 25%

Lesskilningur: 25%

Ritun: 15%

Kynningar og myndbönd 25%

Ástundun, vinnusemi, vinnulag: 10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, janúar 2026

Sigprúður Harðardóttir